

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokkur

um umsjá knattspyrnuvalla og vallarhúss á Torfnesi, Ísafjarðarbæ.

1.gr. Samningsaðilar

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, kt. 470102-5270 gera með sér svofelldan samning fyrir knattspyrnusumarið 2023 um umsjá og umhirðu á knattspyrnuvöllum á Torfnesi ásamt 1.hæð í vallarhúsi, bæði í eigu Ísafjarðarbæjar.

2.gr. Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal leggja til endurgjaldslaust afnot af knattspyrnuvöllum á Torfnesi, grasvelli og gervigrasvelli, og 1.hæð í vallarhúsi á samningstíma árið 2023. Samningstíminn er 17. apríl – 17. október 2022. Ísafjarðarbær leggur til 1,25 stöðugildi á samningstíma sem miðast við launaflokk 121 samkvæmt kjarasamningum Samflots við sveitarfélögin árið 2021, eða alls kr. 4.133.324 á samningstímanum.

Ísafjarðarbær sér til þess að knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, fá unglinga frá Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar til aðstoðar við umhirðu knattspyrnusvæðisins þær vikur sem hann starfar. Unglingarnir verða í umsjón félagsins meðan á vinnu þeirra stendur.

Ísafjarðarbær afhendir samningsaðila svæðið í því ástandi sem það er við afhendingu.

Fyrsti mokstur á grasvelli í á vormánuðum greiðir Ísafjarðarbær og skal beiðni um hann berast til sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

Ísafjarðarbær greiðir fyrir að láta sanda grasvöllinn tvisvar sinnum yfir sumartímann.

Ísafjarðarbær skal sjá til þess að sláttuvél sé tiltæk knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokki, þó að hámarki 150 daga á samningstímanum, án endurgjalds. Sé þörf fyrir fjölgun daga skal haft samband við sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

Ísafjarðarbær leggur til áburð á grasvöllinn, í því magni sem sviðsstjóri telur ásættanlegt, auk þess sem Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokki, eru veittar hreinlætisvörur að hámarki kr. 200.000 á samningstímanum. Vöurnar skal kaupa hjá Olís ehf. og reikningur sendur til skóla- og tómstundasviðs.

Ísafjarðarbær annast þrífín á Vallarhúsinu til 1. júní 2023.

3.gr. Skyldur knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokks

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal hafa umsjón með knattspyrnuvöllum á Torfnesi og 1. hæð í vallarhúsinu á samningstíma og tryggja að þau séu snyrtileg. Frá og með 1. júní 2023 skal félagið annast regluleg þrífín á 1. hæð í vallarhúsi. Sjá um nauðsynlegt viðhald á grasvöllum s.s. reglulegan slátt, vökvun og áburðagjöf.

Öll umhirða, umgengni og viðhald á tækjabúnaði skal vera góð og sinnt af knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokki.

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, tekur vel á móti unglingum úr Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar og útvegar þeim verkefni og leiðsögn miðað við aldur.

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal taka tillit til annarra íþróttafélaga innan HSV við niðurröðun leikja og æfinga svo þau fái einnig afnot af grasvellingum.

Allar breytingar eða annað meiriháttar viðhald á völlum og Vallarhúsi skal samþykkt hjá Eignasjóði Ísafjarðarbæjar áður en til framkvæmda kemur.

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal afhenda eignir Ísafjarðarbæjar í því ástandi sem þær voru í upphafi samningstíma. Gæta skal hófs við notkunar grasvallarins og takmarka notkun ef völlum er í slæmu ásigkomulagi.

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal senda inn rafræna reikninga til Ísafjarðarbæjar fyrir launakostnaði. Skulu reikningarnir hafa borist til Ísafjarðarbæjar í síðasta lagi þann 15. desember 2023.

4.gr. Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti á sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

Ábyrgðaraðili knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokks, gagnvart samningi þessum er Svavar Þór Guðmundsson, stjórnarformaður.

Tengiliður Ísafjarðarbæjar við knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokk, gagnvart samningi þessum er Hafdís Gunnarsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs. Allar ábendingar varðandi viðhald og framkvæmdir á vellingum skulu berast til Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs.

5.gr. Vanefndir

Vanefni samningsaðilar skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi án uppsagnarfrests.

6.gr. Önnur ákvæði

Uppsögn samnings skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðila er þrír mánuðir.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir í Héraðsdómi Vestfjarða.

Ísafirði, . maí 2023

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokks

Arna Lára Guðmundsdóttir, bæjarstjóri

Svavar Þór Guðmundsson, stjórnarformaður